


Sögueyan 2 – the land of the Sagas

Social studies in grade 7

Vocabulary list and extraction from kafli 6 / Reykjavík as a capital of Iceland

íslenska	enska	Native language
höfuðborg	capital	
einkenni	symptoms	
þéttbýli	urban	
iðnaður	industry	
embætti	profession	
aldamót	Turn of the century	
verksmiðja	factory	
gufuvél	Steam engine	
Laun, kaup	salary	
iðnbylting	Industrial revolution	
framfarir	progress	
framleiðsla	production	
íhaldssamur	conservative	
siðir	tradition	
landfógeti	official	
nýsköpun	innovation	
styrkur	Financial support	
Innréttingarnar	A name of an innovational company in Reykjavík.	
spunaverkstæði	Spinning workshop	
vefstofa	Weaving workshop	
veiðarfæri	Fishing gear	
Súta skinn	to tan skin, tannery	
Að þæfa (ull)	To full the wool (to make it thicker and like a felt, by using moisture or heat and pressure)	
kornrækt	Producing grain	
brennisteinn	Sulphur, brimstone	
náma	mines	
ullariðnaður	wool industry	
viðreisn	restoration	
kaupstaðarréttindi	municipals right	
undanþága	exemption	
skattar	taxes	
sameina	combine, unite	
Leggja niður	cancel	
söðlasmiður	saddler	
skósmiður	shoemaker	



Kafli 6: Helstu áherslur:

Um miðja 18. öld (svona um 1750) var svæðið þar sem Reykjavík er núna, bara sveit. En brátt var farið að byggja nokkur timburhús á þessu svæði, nálægt Tjörninni. Þar myndaðist svo fyrsta gata Reykjavíkur, sem enn heitir Aðalstræti.

Það var sérstaklega nýsköpunarfyrirtækið **Innréttingarnar** sem byggði ný hús fyrir verksmiðjurnar sínar. Í einu húsinu var spunaverkstæði og í öðru var sútun. Þessi hús voru upphafið af þéttbýli í Reykjavík og að þar varð síðar höfuðborg Íslands. Innréttingarnar voru mikilvægar fyrir framþróun í atvinnumálum á Íslandi, bæði í iðnaði, landbúnaði og sjávarútvegi. Skúli Magnússon vann hjá Innréttingunum og hann var einn valdamesti maður á Íslandi. Hann er stundum kallaður „faðir Reykjavíkur“.

Því miður gekk rekstur Innréttinganna ekki vel. Eitt skipið þeirra sökk, það var svo kalt að akuryrkjan gekk ekki vel, það kviknaði í verksmiðjuhúsum og ullariðnaðurinn gekk ekki vel, af því að það var ódýrara að kaupa efni frá útlöndum, af einokunarkaupmönnum. Um 1800 hætti allt starf hjá Innréttingunum.

Þegar einokun var aflétt árið 1787 hafði Reykjavík fengið kaupastaðarréttindi. Þá fór verslunum að fjölga í bænum og fleira fólk settist þar að. Árið 1866 tók fyrsta sjúkrahúsið til starfa í Reykjavík og tíu árum seinna var kveikt á fyrstu ljósastaurunum og þá var ekki lengur eins dimmt í bænum.

Á 19. öld gerðist það sama í allri Evrópu. Fleira og fleira fólk flutti úr sveitinni til borganna og fór að vinna í nýju verksmiðjunum þar. Þetta gerðist líka á Íslandi. Þá gátu konur líka fengið launaða vinnu í fyrsta sinn og margar ungar konur réðu sig sem vinnukonur, t.d. hjá kaupmönnum í Reykjavík.

Kaupmannahöfn var þó enn höfuðborg Íslands og íbúum Reykjavíkur fjölgaði hægt fram á seinni hluta 19. aldar. Ýmsar breytingar studd þó við vöxt Reykjavíkur, t.d. að biskupsstólarnir á Hólum og í Skálholti voru lagðir niður og þeir sameinaðir og fluttir til Reykjavíkur. Þá var byggð dómkirkja í Reykjavík árið 1796.

Skólarnir, sem voru á Hólum og í Skálholti voru lagðir niður og nýr skóli stofnaður í Reykjavík árið 1785. Nýi skólinn fékk nafnið



Hólavallaskóli. Seinna var hann fluttur suður á Álftanes og kallaðist þá **Bessastaðaskóli** (Bessastaðir eru á Álftanesi). Árið 1846 var hann svo aftur fluttur til Reykjavíkur og þá nefndur **Lærði skólinn** eða **Latínuskólinn**. Núna er **Menntaskólinn í Reykjavík** (MR) í sama húsi og Lærði skólinn var í.

Fólksfjölgun í Reykjavík:

Árið 1703	21 íbúi í Reykjavík
Árið 1801	311 íbúar í Reykjavík
Um aldmót 1900	7000 íbúar í Reykjavík

Eftir 1820 varð sjávarútvegur meiri frá Reykjavík og margir áttu báta til að veiða fisk. Þá fjölgaði fólkinu líka og nýjar starfsstéttir urðu til, s.s. bátasmiðir, skósmiðir, söðlasmiðir og gullsmiðir. Þá komu líka fleiri og fleiri verslanir (búðir) í bæinn.

Chapter 6: Main emphases:

In the middle of the 18th. century, the area where Reykjavík is now, was nearly uninhabited, just a few houses, here and there. But after 1750 it slowly began to change and a few wooden houses were built in this area, near the pond, we still have in the heart of Reykjavík and always is called „Tjörnin“. In the area near Tjörnin, the first street in Reykjavík began to take form and was named Aðalstræti (The Main-street).

It was especially the innovation company, *Innréttingarnar*, that built new houses for its factories. In one of the houses you could find a spinning workshop and a weaving workshop in another. You could also find a tannery and a grocery store there.

These houses were the beginning of an urban area in Reykjavík, that later became the capital of Iceland. The company, *Innréttingarnar*, played an important role of the development of labor in Iceland, both in industry, agriculture and fisheries. Skúli Magnússon was in charge in the company and he is often called „the father of Reykjavík“ because the company really was the foundations of further growth of Reykjavík, as a municipal and the capital of Iceland.

Unfortunately, it was hard to drive the company; one of its ship sank, the weather was so cold that agriculture didn't succeed, fire broke out in some of the houses and the wool industry was not profitable, because of cheaper, imported wool stuff. About 1800 the company *Innréttingarnar*, gave up and closed.

When the monopoly was released, in 1878, Reykjavík had acquired right as a municipal. As a result of that, the population increased and new stores opened. In the year 1866 the first hospital was established in Reykjavík and ten years after that, 1876, the few streets of the city were lit up with oil lamps.

In the 19th century, the same evolution took place throughout Europe. People moved from the countryside to the growing cities, where one could have the possibility of getting paid work, e.g. in the new factories that were established in many cities at the time. The same thing happened in Iceland. People moved from the countryside to the villages by the seaside, especially to the largest one, Reykjavík. For the first time, women also had the chance to get paid for their work, e.g. as housemaids in the homes of the merchants.

Copenhagen, still played the role as a capital for Iceland and the increase in inhabitants in Reykjavík was slow until the second half of the 19th century. Several changes led to the reinforcement of

Reykjavík, e.g. that the bishops districts in Skálholt and in Hólar were united and moved to Reykjavík. A church, *Dómkirkjan*, was built in 1796, as one of the main houses in the future of Reykjavík, as a capital.

The two schools, before at Skálholt and Hólar, were united in one new school in Reykjavík; named **Hólavallaskóli**, the year 1785. After some years the school was moved again, now from Reykjavík to Bessastaðir in Álftanes, and then named **Bessastaðaskóli**. The year 1846 the school came back to Reykjavík and was renamed, now to **Latínuskólinn** (the Latin school). Now we know the building of Latínuskólinn, as **MR**, or Menntaskólinn í Reykjavík.

Population growth in Reykjavík:

Year 1703	21 inhabitants in Reykjavík
Year 1801	311 inhabitants in Reykjavík
At the turn of the century, 1900	7000 inhabitants in Reykjavík

After 1820 fishery became more important part of the labor market in Reykjavík. At the same time there was a significant growth in the population and several new kinds of craftsmanship began to develop, such as saddlery, shoemakers, boat-building and even goldsmiths started their small workshops. The inhabitants also had a wider range of all kinds of stores in these years, – Reykjavík had begun to grow as the capital of Iceland!

Verkefni

Hvað hét fyrsta gatan sem varð til í Reykjavík?

Hver stofnaði Innréttingarnar og var stundum kallaður „Faðir Reykjavíkur“ ?

Af hverju hættu Innréttingarnar að starfa? **Krossaðu við þrjú rétt svör:**

_____ Það var enginn sem vildi vinna þar.

_____ Það kveiknaði í nokkrum húsum þeirra.

_____ Það var oft vont veður og þess vegna gekk landbúnaðurinn illa.

_____ Það veiddist of mikið af fiski sem enginn vildi borða.

_____ Það var ódýrara að kaupa efni frá útlöndum en að vinna efni úr íslenskri ull.

_____ Það vildu engir ganga í lopapeysum og þrjúnuðum fötum.

Það var sama þróun á Íslandi og í Evrópu á 19. öld. Hvað gerðist?

_____ Fleira og fleira fólk flutti út í sveit frá borgunum.

_____ Fleira og fleira fólk flutti úr sveitinni og í borgir.

Hver var höfuðborg Íslands áður en Reykjavík varð höfuðborg?

Af hverju heldur þú að fleiri bæir hafi orðið til á Íslandi nálægt sjónum en inni í miðju landi?

Veist þú hvaða hús þetta eru?



*Háskóli Íslands, Þjóðleikhúsið, Bessastaðir,
Perlan, Alþingishúsið, Ráðhús Reykjavíkur,
Hallgrímskirkja.*